



Innanríkisráðuneytið



Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Reykjavík, 26. ágúst 2016

Til grunn- og framhaldsskóla og ýmissa hagsmunaaðila

Framundan eru Alþingiskosningar á Íslandi og af því tilefni vilja stjórnvöld hvetja grunn- og framhaldsskóla til að efla lýðræðisvitund barna og ungmenna með upplýstri umræðu um kosningar og lýðræði og mikilvægi þess að hver einstaklingur nýti sér kosningaréttinn.

Í aðalnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla frá 2011 eru ákvæði um lýðræði og mannréttindi sem fela í sér að áhersla á að vera lögð á þessa þætti í öllu starfi á vegum skóla. Í fyrsta lagi þurfi skólar að taka mið af því að barna og ungmenna bíði að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því sé mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfi skólar að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Aðalnámskrá skólastiganna gerir ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði. Samkvæmt 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem lögfestur var hér á landi 2013 eiga aðildarríki að tryggja barni sem myndað getur sér eigin skoðun, rétt til að láta þær frjáltslega í ljós í öllum málum sem það varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska. Í tengslum við kosningar skapast margvísleg tækifæri fyrir skóla til lýðræðismenntunar í samræmi við aðalnámskrá og Barnasáttmálann.

Samband íslenskra framhaldsskólanemenda (SÍF), Landssamband æskulýðsfélaga (LÆF) í samstarfi við innanríkisráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands ásamt umboðsmanni barna standa fyrir verkefninu „Kosningavakning“ samhliða kosningum til Alþingis. Tilgangur verkefnisins er að hvetja ungt fólk til að kjósa eftir upplýstri ákvörðun í kjörklefa og um leið að efla lýðræðis- og kosningavitund barna og ungmenna í grunn- og framhaldsskólum.

Innanríkisráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið hvetja alla grunn- og framhaldsskóla til að taka þátt í kosningavakningunni og nýta þetta tækifæri til að efla lýðræðismenntun í skólum.

Fljótlega mun opnast vefsvæði þar sem aðstandendur verkefnisins kynna verkefnið enn frekar ásamt efni til stuðnings lýðræðis- og mannréttindamenntun í skólum.

Ólöf Nordal innanríkisráðherra

Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra